

Alþingi
Erindi nr. P 122/1318
komudagur 19/3 '98

Reykjavík, 18. mars 1998

Nefndasvið Alþingis.
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Umsögn BSRB um frumvarp til áfengislaga, 478. mál.

Hér er á ferðinni frumvarp sem virðist hafa verið lagt upp með í þeim tilgangi að einkavæða ÁTVR. Enda þótt í 10. grein laganna segi að ÁTVR skuli hafa einkaleyfi til smásölu áfengis er stofnuninni engu að síður gert skylt að sækja um leyfi til slíkrar starfsemi fyrir útsölur sem þegar eru starfandi (sbr. ákvæði til bráðbirgða). Öll uppsetning frumvarpsins ber þess mjög greinleg merki að unnið sé að því að einkavæði smásöluna og er þar vísað til 3. gr. frumvarpsins.

Athygli vekur að ólíkar starfsnefndir Alþingis fjalla um frumvörp sem nú liggja fyrir þinginu og varða ÁTVR þótt iðulega sé vitnað til þess, sbr. greinargerð með frumvarpi til laga um gjald af áfengi, að líta beri á þau sem hluta af heild.

Allsherjarnefnd til upplýsingar er hér sent afrit af umsögn BSRB við frumvarpi til laga um gjald af áfengi, 480. mál.

BSRB er **andvígt frumvarpinu í þeirri mynd sem það er nú.**

f.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir